

**Nd.**

**55. Frumvarp til laga**

[33. mál]

um breyting á lögum nr. 49 14. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarrétt og prentarétt.

Flm.: Magnús Jónsson, Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Aftan við síðustu mgr. 2. gr. laganna bætist:

Sams konar undanþága skal gilda um upptöku talaðs máls eða tónlistar á segulband eða á annan vélrænan hátt, ef upptakan er aðeins ætluð til heimilisnotkunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Fyrir nokkru hóf STEF að innheimta sérstakt afnotagjald af segulbandstækjum. Beitti félagið við innheimtu þessa ýmsum miður sæmilegum hótunum. Er líklegt, að allmargir hafi greitt hið krafða afnotagjald, en þó munu margir að vonum hafa látið þessa fjárkröfu sem vind um eyru þjóta.

Það er sjálfsagt, að tónskáld og aðrir eigendur hugverka fái sanngjarna greiðslu fyrir notkun verka sinna, en krafa um greiðslu fyrir flutning eða upptöku hugverka á að takmarkast af því, að þetta sé gert í hagnaðarskyni. Við það sjónarmið eru líka höfundarréttarákvæði íslenskra laga miðuð.

Með kröfunni um afnotagjald til STEFs af segulbandstækjum er gengið út í öfgar. Yfirleitt eru segulbandstæki notuð til þess að taka upp útvarpsefni, ef fólk hefur ekki aðstöðu til þess að hlusta á einstaka útvarpsþætti, þegar þeir eru fluttir, eða til upptöku á ýmsu persónulegu efni á heimilum eigendanna. Er fráleitt, að STEF eigi nokkra sanngirniskröfu til árlegs afnotagjalds af segulbandstækjum, sem eingöngu eru til heimilisnota. Séu aftur á móti segulbandstæki eða önnur slík tæki notuð til opinbers flutnings hugverka í ábataskyni, er sjálfsagt að greiða höfundargjald af þeim flutningi.

Mjög er vafasamt, að heimilt sé eftir gildandi höfundarréttarlögum að innheimta afnotagjald af segulbandstækjum, en frv. þetta er flutt til að taka af öll tvímæli.